

Leiðbeinandi reglur fyrir lögmenn um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu.

1. gr.

Reglur þessar eru lögmönnum til leiðbeiningar um hvað teljist hæfilegt endurgjald vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu sem lögmenn geta áskilið umbjóðendum sínum úr hendi skuldara. Reglurnar taka ekki til útlagðs kostnaðar vegna ýmissa gjalda sem greiða þarf vegna innheimtu peningakröfu. Fjárhæðir í reglunum eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga eftir að krafa hefur verið til fruminnheimtu og milliinnheimtu á grundvelli innheimtulaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmansháttum. sbr. 24. gr. a laga um lögmenn.

Lögmanni er óheimilt að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.

2. gr.

Hæfilegt endurgjald sem reiknast af fjárhæð þeirrar kröfu sem til innheimtu er telst vera:

Grunngjald 6.000,- kr. að viðbættu:

25% af fyrstu kr. 50.000,-

10% af næstu kr. 200.000,-

5% af næstu kr. 2.000.000,-

2% af því sem umfram er en þó aldrei hærra en kr. 350.000.

Hæfilegt endurgjald fyrir ritun greiðsluáskorunar, aðfararbeiðni, nauðungarsölubeiðni, gjaldþrotaskiptabeiðni, kröfulýsingar, afturkallanir og beiðni um vörslusviptingu, er 6.000,- kr.

Hæfilegt endurgjald fyrir frestun aðgerða í máli án mætingar, ítrekun vegna greiðslufalls sammings um uppgjör skulda og aðvörun um frekari innheimtuaðgerðir er kr. 1.000,-

Hæfilegt endurgjald fyrir fyrsta mót í máli sem tekið er fyrir hjá sýslumanni er kr. 10.000 en kr. 6.000,- í hvert sinn eftir það.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 3. mgr. 24. gr. a laga um lögmenn nr. 77/1998, sbr. lög nr. 60/2010 öðlast gildi 1. júlí 2013 og gilda vegna krafna sem koma til löginnheimtu eftir þann tíma.

Í innanríkisráðuneytinu, 26. apríl 2013

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.